



## Vísitala neysluverð óbreytt milli mánaða

Vísitala neysluverðs stóð óbreytt milli mánaða í október og mælist 12 mánaða verðbólga áfram 1,8%. Vísitala neysluverðs án húsnæðis lækkaði um 0,28% milli mánaða og mælist nú 0,5% verðhjöðnun á þeirri vísitölu í samanburði við 0,4% verðhjöðnun í september.

Breytingin milli mánaða var minni en spár gerðu ráð fyrir, en Hagfræðideild Landsbankans og greiningardeild Íslandsbanka höfðu spáð 0,1% hækkun milli mánaða og greiningardeild Arion banka 0,2% hækkun milli mánaða.

### Matarkarfan lækkaði

Mest áhrif til lækkunar milli mánaða hafði:

- **Matur og drykkjarvara** (-0,15 prósentustigs áhrif) lækkaði meira en við bjuggumst við. Lækkunin var nokkuð jöfn yfir línuna; brauð og kornmeti (-0,8%), kjöt (-1,1%), ávextir (-4,0%) og grænmeti og kartöflur (-2,9%). Skýrist lækkunin bæði af sterkara gengi krónu og góðri uppskeru íslenskra garðyrkjubænda. Eini vöruflokkurinn í matarkörfunni sem hækkaði að einhverju ráði milli mánaða var vatn (+2,8%).
- **Póstur og sími** (-0,09 prósentustigs áhrif) lækkaði um 3,3% milli mánaða. Skýrist lækkunin nær eingöngu af lækkun á farsímaþjónustu (-4,0%) og internettengingu (-4,8%). Alls hefur kostnaður við farsímaþjónustu lækkað um 35% undanfarna tólf mánuði.


Auk þess lækkuðu liðirnir kaup ökutækja (-0,03 prósentustigs áhrif) og tómstundir og menning (-0,02 prósentustig áhrif) milli mánaða.

### Húsnæði hækkaði

Mest áhrif til hækkunar milli mánaða hafði:


- **Reiknuð húsaleiga** (-0,21 prósentustigs áhrif) hækkaði meira en við bjuggumst við. Alls hækkaði kostnaður við að búa í eigin húsnæði um 1,3% milli mánaða.

### Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

### Mánaðarbreyting VNV í okt.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Auk þess hækkuðu liðirnir bensín (+0,04 prósentustig áhrif) og flugfargjöld til útlanda (+0,03 prósentustig áhrif) milli mánaða.

### **Húsnæðisverð aðaldrifkraftur verðbólgu**


Sem fyrr er það húsnæði sem hækkar mest, en tólf mánaða hækkun húsnæðisliðarins í heild er 9,9%. Munar þar langmest um að kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hefur hækkað um 12,4% milli ára. Án húsnæðis mælist 0,5% verðhjöðnun hér á landi og er október fjórði mánuðurinn í röð sem verðhjöðnun á vísitölunni án húsnæðis mælist.

Verðhjöðnunin skýrist aðallega af lækkun á innfluttum vörum sem hafa lækkað um 3,0% milli ára. Innlendar vörur (+1,3% milli ára) og innlend þjónusta (+1,8% milli ára) eru sem fyrr rétt undir verðbólguþröskulnum.

Lítill hækkun á þjónustu er sérstaklega áhugaverð í ljósi umtalsverðrar hækkunar launa, en síðastliðna tólf mánuði hefur launavísitalan hækkað um 10,5%. Opinber þjónusta (+4,0% milli ára) hefur hækkað umtalsvert meira undanfarna 12 mánuði en önnur þjónusta (+0,9% milli ára.)

### **Þrjár vikur í næstu vaxtaákvörðun**

Næsta vaxtaákvörðun peningastefnunefndar verður kynnt miðvikudaginn 16. nóvember og er þetta því síðasta mæling á vísitölu neysluverðs sem peningastefnunefndin mun hafa til hliðsjónar við þá vaxtaákvörðun.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.